

## Helstu niðurstöður nemendakönnunar í 8.-10. bekk

Könnunin er liður í sjálfsmati skólans. Hún var lögð fyrir með vefkerfinu Skólapúlsinn og er ætlað að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í skólanum um virkni þeirra í skólanum, líðan og skóla- og bekkjaranda. Könnunin var lögð fyrir í október. Hér eru eingöngu dregnar fram þær niðurstöður sem víkja frá meðaltali á landsvísu. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

**Það sem vel er gert að mati nemenda í 8.-10. bekk og könnun sýnir að er fyrir ofan landsmeðaltal:**

- *Prautsegja í námi* mælist með töluna 5,5 en landsmeðaltal er 5,2
- *Hreyfing* nemenda mælist hærri en á landsvísu. Skólinn fær prósentutöluna 77% á meðal landsmeðaltal er 71%
- Nemendur gefa þættinum *Samband nemanda við kennara* einkunina 5,5 þegar landsmeðaltalið er 5,2
- Liðurinn *Virk þátttaka nemenda í tímum* fær einkunina 5,5 en landsmeðaltal er 5,3
- *Mikilvægi heimavinnu* mælist einnig marktækt yfir landsmeðaltali. Skólinn fær mælitöluna 6,0 en landsmeðaltal er 5,1

**Það sem betur má fara og niðurstöður nemendakönnunar sýna undir landsmeðaltali.**

- Liðurinn *Ánægja af lestri* er undir landsmeðaltali. Hann fær einkunina 4,5 hjá nemendum en landsmeðaltal er 5,1
- *Ánægja af náttúrufræði* mælist með töluna 4,8 en landsmeðaltal er 5,2
- *Trú á eigin vinnubrögð* í námi fær niðurstöðutöluna 5,0 en landsmeðaltal er 5,3
- *Sjálfsálit* fær niðurstöðutöluna 4,2 en landsmeðaltal er 5,1
- *Stjórn á eigin lífi* fær einkunnina 4,8 en landsmeðaltal er 5,0
- *Vellíðan* fær töluna 4,6 en landsmeðaltal er 5,0
- *Hollt matarræði* fær einkunnina 4,7 en landsmeðaltal er 5,0
- *Samsömun við nemendahópinn* fær einkunnina 4,5. Landsmeðaltal er 5,1
- *Agi í tímum* fær einkunina 4,9 en landsmeðaltal er 5,2

Þeir þættir könnunarinnar sem komu út svo til á pari við landsmeðaltal voru þættir eins og *Áhugi á stærðfræði, trú á eigin námsgetu og einelti*.